

Hverfisráð Háaleitis og Bústaða

Ár 2015, mánudaginn 20. apríl kl. 15:30, var haldinn 131. fundur hverfisráðs Háaleitis- og Bústaðahverfis. Fundurinn var haldinn í Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Síðumúla 39. Viðstödd voru: Dóra Magnúsdóttir, Hörður Oddfríðarson, Elinóra Sigurðardóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Sverrir Þór Sverrisson og Snorri Þorvaldsson áheyrnarfulltrúi. Starfsmenn og aðrir sem sátu fundinn: Valgerður Sólveig Pálsdóttir frá Íbúasamtökum Háaleitis og Baldur Örn Arnarson verkefnastjóri á Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis sem ritaði fundargerð.

Petta gerðist:

1. Fram fer úthlutun úr Forvarnasjóði Reykjavíkurborgar. Ein styrkumsókn barst hverfisráðinu.

Ákveðið að styrkja foreldrafélag Háaleitisskóla um kr. 536.000 vegna verkefnisins Átak gegn kvíða. Hverfisráð Háaleitis- og Bústaðahverfis fer þess á leit við foreldrafélag Háaleitisskóla að stjórnnum foreldrafélaga Breiðagerðisskóla, Fossvogsskóla og Réttarholtsskóla standi til boða að sækja þau námskeið sem miðað er að foreldrasamfélaginu.

2. Fram fer undirritun samninga við Samtakahóp Bústaðahverfis og Samtakahóp Grensás- og Háaleitis á grundvelli styrkumsókna hópanna vegna hátíðahalda á sumardaginn fyrsta í hverfunum.
3. Lögð er fram kynning Umhverfis- og Skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, dags 26. mars 2015, vegna strætóreinar við Miklubraut og hljóðvarna við Heiðargerði.
4. Fram fer umræða um íbúafund um hljóðvarnir í Bústaðahverfi sem haldinn var í Breiðagerðisskóla mánudaginn 23. mars sl.

Framkvæmdastjóra er falið að óska eftir samantekt frá fundinum.

5. Lagt fram bréf framkvæmdastjóra Þjónustumiðstöðvar Laugardals og Háaleitis, dags 13. apríl 2015, sem sent var Velferðarráði Reykjavíkurborgar og varðar sumarlokun í félagsmiðstöðinni Hæðargarði.
6. Tekin fyrir styrkumsókn Samfok. Afgreiðslu umsóknarinnar var frestað á síðasta fundi ráðsins þann 16. mars sl.

Ákveðið að hafna umsókninni á grundvelli þess að Reykjavíkurborg og Samfok hafa gert samning sem tekur til verkefna á borð við það sem sótt er um til hverfisráðs fyrir.

7. Hverfisráð Háaleitis- og Bústaðahverfis samþykkti eftirfarandi bókun vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Háaleitisbraut.

Hverfisráð Háaleitis- og Bústaðahverfis fagnar fyrirhuguðum framkvæmdum við Háaleitisbraut sunnan Miklubrautar. Hverfisráðið bendir á að aðgerða er þörf á Háaleitisbraut og telur í það minnsta nauðsynlegt að settar séu hraðahindranir við umferðar- og gönguljós. Hverfisráðið bendir á að Háaleitisbraut, Grensásvegur og Réttarholtsvegur eru sambærilegar götur innan hverfis og nauðsynlegt að gæta jafnvægis í útfærslu þeirra. Eins og fram kom á íbúafundi sem haldinn var í Breiðagerðisskóla þann 12. mars síðast liðinn, er góð kynning á framkvæmdum og mögulegum afleiðingum þeirra nauðsynleg. Hverfisráðið telur einnig nauðsynlegt að íbúar sem búa næst framkvæmdunum fái góðar upplýsingar um framgang verksins.

Framkvæmdastjóra er falið að koma bókuninni á framfæri við Umhverfis- og Skipulagssvið.

Fundi slitið kl. 16:52

Dóra Magnúsdóttir (Sign)

Hörður Oddfríðarson (Sign)
Sverrir Þór Sverrisson (Sign)

Elín Oddný Sigurðardóttir (Sign)
Elinóra Sigurðardóttir (Sign)